

Reglur um úthlutun rekstrar og verkefnastyrkja atvinnu- og menningarmálanefndar.

Rekstrarstyrkir:

- 1.gr. Auglýst er eftir umsóknum um rekstrarstyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar/mars ár hvert.
- 2.gr. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast inn á íbúagátt sveitarfélagsins. Umsókninni skal fylgja ársreikningur félagasamtakanna.
- 3.gr. Rekstrarstyrkir eru veittir til félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið atvinnu- og menningarmálanefndar og eru með sýnilega starfsemi.

Verkefnastyrkir:

- 1.gr. Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar/mars ár hvert.
- 2.gr. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast inn á íbúagátt sveitarfélagsins. Umsókninni skal fylgja ársreikningur félagasamtakanna og/eða kostnaðaráætlun verkefnisins.
- 3.gr. Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklings, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið atvinnu- og menningarmálanefndar og eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.
- 4.gr. Þeir sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu eða sterka tengingu við samfélagið hér, ungt fólk og þeir sem flokkast sem frumkvöðlar hafa alla jafna forgang að úthlutun, en einnig er horft til gildis og mikilvægi verkefnisins fyrir menningarlíf Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- 5.gr. Styrkir vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrir en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.
- 6.gr. Atvinnu- og menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur atvinnu- og menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.
- 7.gr. Atvinnu- og menningarmálanefnd áskilur sér rétt til þess að skilgreina áhersluform verkefnanna hvert ár og verður það kynnt sérstaklega þegar auglýst er eftir umsóknum.

Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 11. apríl 2024

Sigurjón Andrésón
bæjarstjóri